

## 18. fundur stjórnar

Starfsárið 2024-2025

3. desember 2024

**Viðstödd eru:** Bjarndís, Hrönn, Kristmundur, Sveinn, Vera, Kári (framkvæmdastjóri).

**Fundargerð ritar:** Vera Illugadóttir

**Fundur settur:** 15:40.

### 1. Samþykkt fundargerðar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar er samþykkt af stjórn.

### 2. Kosningar

Stjórn ræðir nýafstaðnar þingkosningar og nýja þingmenn.

### 3. Húsnæðismál

Kári fer stuttlega yfir stöðuna í húsnæðismálum.

### 4. Jólagjafir starfsfólks

Stjórn ræðir hugmyndir að jólagjöfum starfsfólks og verktaka.

### 5. Notkun á merki Samtakanna '78

Stjórn ræðir notkun fyrirtækja og félaga sem eru í samstarfi við Samtökin á merki þeirra í kynningarefni. Kári tekur málið til nánari skoðunar.

### 6. Heimsókn frá Eistlandi

Í heimsókn nýverið kom hópur fólks frá tveimur eistneskum stofnunum sem vinna að ungmenna- og jafnréttismálum þar í landi. Kári fer yfir afrakstur heimsóknarinnar og fyrirhugað framhald verkefnisins, heimsókn Íslendinga til Eistlands.

### 7. Fagráð, endurskoðun og eftirfylgni

Fagráð Samtakanna '78 kom saman nýverið, unnið er að endurskoðun á aðgerðaráætlun og hlutverki fagráðs. Verður afrakstur þeirrar vinnu kynntur stjórn síðar.

### 8. Félagsmiðstöð

Stjórn ræðir mál tengt hinsegin félagsmiðstöð.

### 9. Jólagleði

Undirbúningur að jólagleði stendur yfir. Stjórn ræðir.

### 10. Önnur mál

Hýrasta jólatré Samtakanna '78 sló í gegn og hundrað jólatré seldust upp á sólarhring. Stjórn hvetur til að verkefnið verði endurtekið að ári og í stærra upplagi.

**Fundi slitið:** 16:35.